


# Leiðarvísir fyrir stúdent um gæðastarf háskólanna

*Byggður á rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri  
menntunar á Íslandi í íslenskum háskólum 2017–2023*



## Leiðarvísir fyrir stúdenta um gæðastarf háskólanna

Ritstjórar: David Erik Mollberg og Aldís Mjöll Geirsdóttir

Umbrot: Tómas Leó Halldórsson

### 1. útgáfa

Landssamtök íslenskra stúdenta

Borgartún 6, 105 Reykjavík

lis@studentar.is

www.studentar.is

Þetta rit má nálgast rafrænt.

Fyrirspurnir um rammaáætlun um aukningu gæða í íslenskum háskólum berist til:

Rannsóknamiðstöð Íslands

Borgartún 30, 105 Reykjavík

qef@rannis.is

Þessi leiðarvísir er unninn af Landssamtökum íslenskra stúdenta í samvinnu við Gæðaráð íslenskra háskóla og Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs.

Leiðarvísirinn er unninn sem hluti af verkefninu Bologna Reform in Iceland, sem styrkt er af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gegnum Erasmus+ áætlunina. Verkefninu er meðal annars ætlað að styrkja þátttöku stúdenta í gæðastarfi háskóla.



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Gæðaráð  
íslenskra háskóla



LANDSSAMTÖK  
ÍSLENSKRA  
STÚDENTA



Erasmus+

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
<b>Kafli 1: Gæði háskóla</b> .....	5
Hvað eru gæði?.....	5
Þátttaka stúdenta í gæðastarfi háskólanna.....	7
Mikilvægi öflugrar þátttöku stúdenta.....	7
Hvernig geta stúdentar tekið þátt?.....	7
<b>Kafli 2: Quality Enhancement Framework</b> .....	8
Um QEF II.....	8
Breytingar á QEF II frá QEF I .....	8
Helstu aðilar sem koma að QEF II.....	9
Samantekt á stúdentafulltrúum í QEF II .....	10
Árlegir fundir með Gæðaráði íslenskra háskóla.....	10
Hvað er metið og hvert er hlutverk stúdenta?.....	12
Fagsviðsúttektir og hlutverk stúdenta .....	12
Skýrslur í fagsviðsúttektum.....	13
Stofnanaúttektir og hlutverk stúdenta.....	13
Nánari umfjöllun um hlutverk innan stofnanaúttektar.....	15
Niðurstöður stofnanaúttektar og þýðing þeirra.....	16
Umfjöllun um gæði á umgjörð rannsókna.....	16



Markmið þessa leiðarvísis er að kynna hvernig gæði náms og kennslu eru skilgreind í íslenskum háskólum, útskýra hvernig kerfisbundið mat á gæðum háskólastarfs fer fram og hvernig aðkoma stúdenta er að annars vegar innra mati (sjálfsmati) háskólanna á fagsviðum og hins vegar ytra mati Gæðaráðs íslenskra háskóla á háskólunum. Leiðarvísirinn er byggður þannig upp að í upphafi er fjallað almennt um gæði í háskólum og aðkomu stúdenta en í öðrum kafla er fjallað um QEF II og hvernig það ferli virkar.

Aðkoma stúdenta í úttektum QEF II er mikilvægur þáttur þess og því er leiðarvísirinn skrifaður til að fræða sérstaklega þá stúdenta sem taka þátt í þessum úttektum svo þeir geti betur sett sig inn í hlutverk sín. Þá þjónar hann einnig þeim tilgangi að vekja stúdenta og aðra hagsmunaaðila til umhugsunar um mikilvægi gæðastarfs í háskólum.

Markviss þjálfun og upplýsingagjöf til stúdenta er forsenda þess að þeir geti orðið virkir þátttakendur í ferlinu og Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) leggja áherslu á að beita sér fyrir því að virkja þátttöku stúdenta í öllu gæðastarfi háskóla.

#### Hvað er QEF II?

QEF II er ferli sem ætlað er að efla gæði kennslu og rannsókna í íslenskum háskólum og fer fram árin 2017–2023. Fyrstu sex árin eru úttektir gerðar og á sjöunda árinu fer fram mat á niðurstöðum ferlisins og skipulagningu á hugsanlegum endurbótum á QEF, áður en lagt er í næsta ferli.

## Kafli 1: Gæði háskóla

### Hvað eru gæði?

Gæði í háskólaumhverfi eru oft metin á huglægán hátt og því getur reynst erfitt að skilgreina þetta hugtak. Það getur verið mismunandi á milli einstaklinga og jafnvel á milli landa hvernig skilgreina á þetta hugtak. Hér að neðan eru talin upp dæmi sem geta gefið mynd af gæðastarfi háskóla á Íslandi og skipta máli við mat á gæðum náms og kennslu.

- **Námskrá** – hvernig námsleiðir er boðið upp á og hvert er innihald námskeiða og uppbygging? Eru námsleið og námskeið endurskoðuð reglulega?
- Framvinda náms – er uppbygging námsleiða rökrétt, þannig að fyrri námskeið og forkröfur búa stúdenta vel undir krefjandi námskeið og verkefni á seinni stigum náms?
- Nám og kennsla – er námið miðað að stúdentum (e. *student-centered learning*)? Er notast við lærdómsviðmið (þekking, hæfni, leikni)? Eru kennsla, mat og endurgjöf í samræmi við lærdómsviðmið?
- Þekking kennara – hafa kennarar sérfræði-þekkingu á efni námskeiðanna sem þeir kenna?
- Mat og endurgjöf – er endurgjöf þess eðlis að stúdentar geti notfært hana til að skilja námsefnið betur og bæta hæfni sína?
- Stodþjónusta – hafa stúdentar sem þarfnast náms- eða sérúrræða aðgang að þjónustu við hæfi?
- Innviðir og upplýsingatækni – hvernig aðstaða er til náms og kennslu t.d. kennslustofur, aðstaða til verklegrar kennslu, hópinnuaðstaða, og aðgengi að bókasafni
- Alþjóðavídd og hreyfanleiki – hafa stúdentar tækifæri til þess að stunda hluta námsins erlendis? Gerir uppbygging námsleiðarinnar stúdentum

það auðvelt og er öruggt að stúdentar fái einingar þáðan metnar hér á landi?

- Rannsóknir – fá stúdentar tækifæri til að taka þátt í rannsóknum? Er kennsla í aðferðafræði við hæfi og miðla kennarar rannsóknnum sínum í kennslu?
- Tengsl við atvinnulíf – eru stundarkennarar úr atvinnulífínu? Hafa stúdentar tækifæri til þess að auka hæfni og þekkingu sína með því að vinna hagnýt verkefni með fyrirtækjum og stofnunum. Eru tækifæri til að fara í starfsnám og fá þeir það metið til eininga?
- Nemendanúmer – eru notuð nemendanúmer við próftöku og verkefnaskil eða skila nemendur undir nafni og/eða kennitölu?
- Sjúkra- og endurtektarréttur – er fyrir hendi sann- gjarn lágmarks sjúkra- og endurtektarréttur?
- Staða við útskrift – opnar námið dyr að vinnu- markaði og/eða til frekara náms?

Oft er þó erfitt að þróa merkingarbæra kvarða fyrir þessa hluti sem eru sam- bærilegir á milli skóla. Hver og einn háskóli hefur ólíkar áherslur í stefnum sínum auk þess sem einstaka deildir eða svið innan sama háskólans hafa jafn- vel mismunandi áherslur. Sem dæmi má nefna að oft er minni sveigjanleiki í námskrám sem veita lögvernduð starfs- heiti við útskrift, eins og lögrelgufraeði.

Ef skóli leggur í stefnu sinni áherslu á að hlúa vel að stúdentum, þá er líklegt að hann leggi mikla áherslu á stodþjónustu. Í háskóla eða deild sem leggur áherslu á tengingu við atvinnulíf mætti búast við áherslu á hagnýt verkefni með bein tengsl við aðila inni í fyrirtækjum. Svona mætti lengi telja en vonandi sýna þessi dæmi að í gæðaúttektum er mikilvægt að skoða um- hverfi og áherslur þegar mat fer fram.

Til eru nokkrir mælikvarðar sem oft eru notaðir til að átta sig á gæðum háskólastarfs. Má þar nefna:

- Nemendafjöldi í einstökum námskeiðum.
- Hlutfall kennslu í höndum stundakennara borið saman við hlutfall fastakennara.
- Hlutfall verkefna þar sem stúdentar fá gagnvirka endurgjöf.
- Brottfall stúdenta.
- Meðalfjöldi anna sem það tekur stúdenta að ljúka gráðu.
- Hlutfall stúdenta sem hefur fundið starf við hæfi fljótlega eftir útskrift.
- Hlutfall stúdenta sem sækir skiptinám erlendis og fær það metið til eininga.
- Tölfræði um félagslega vídd (e. *social dimension*), t.d. hvað snertir samsetningu stúdentahópsins.

Þegar þessir mælikvarðar eru metnir er mikilvægt að hafa stefnu háskóla og deildar til hliðsjónar.

Gæðamat snýst einnig um að meta hvort gráður sem háskóli eða deild standist gæðastaðla (e. *standards of degrees awarded*). Til eru margs konar staðlar um námsgráður, bæði erlendir og innlendir. Það þarf m.a. að skoða þá staðla sem skólarnir þurfa að uppfylla gagnvart landslögum og vegna alþjóðlegra skuldbindinga. Má þar nefna evrópska hæfnirammann (e. *European Qualifications Framework, EQF*), kröfur og leiðbeiningar fyrir gæðatryggingu á sviði æðri menntunar í Evrópu (e. *Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area, ESG*) og íslensk viðmið um æðri menntun og prófgráður.

## Hvað er ESG (Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area)?

Kröfur og leiðbeiningar fyrir gæðaúttektir á sviði háskólamenntunar á evrópska háskólasvæðinu sem samþykktar voru af menntamálaráðherrum í Evrópu árið 2005. Tillagan sem lögð var fram til samþykktar var unnin af Evrópusamtökum gæðaeftirlitsstofnana (ENQA) í samvinnu við evrópsku stúdentasamtökin (ESU) og samtök háskóla í Evrópu (EURASHE og EUA).



## Þátttaka stúdenta í gæðastarfi háskólanna

### *Mikilvægi öflugrar þátttöku stúdenta*

Til þess að stúdentar sjái hag í því að leggja stund á háskólanám á Íslandi verður háskólakerfið að vera nægilega gæðadrifið til að styðja við þekkingar- samfélag og auka samkeppnishæfni og lífsgæði einstaklinga. Mikilvægt er að menntun hér á landi þróist og eflist í takt við nýja tíma og samræmist alþjóðlegum stöðlum.

Í ESG og reglugerð um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum, er skýrt tekið fram að stúdentar eigi að vera virkir þátttakendur í öllu gæðastarfi háskóla. Því er mikilvægt að háskólarnir veiti stúdentum tækifæri til þess og búi til öflugan vettvang til samstarfs svo að stúdentar geti haft áhrif á starfsemi háskólans. Til þess að það takist sem best þarf að virkja stúdenta og hvetja þá til að tjá sig enn frekar. Þátttaka stúdenta í gæðastarfi háskólanna veitir þeim aðhald og ýtir undir trúverðugleika þess.

Stúdentar eiga að taka þátt í sjálfu gæðastarfi háskólanna jafnt og þétt en þar að auki er mikilvægt að stúdentar hafi tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þegar úttektir á gæðum náms og kennslu fara fram. Í gegnum innra og ytra gæðamat hafa stúdentar tækifæri til að styðja við háskólana en einnig veita þeim aðhald.

## *Hvernig geta stúdentar tekið þátt?*

Ein leið til að flokka gæðastarf háskóla er í annars vegar innra og hins vegar ytra gæðastarf og stúdentar eiga að vera virkir þátttakendur í þeim ferlum. Einnig er hægt að taka þátt í eflingu gæða á öðrum vettvangi, s.s. í Landssamtökum íslenskra stúdenta (LÍS).

- **Innra gæðastarf** snýst um þá vinnu sem skólinn sjálfur leggur í til að bæta gæði innan sinna veggja. Þátttaka stúdenta í slíku starfi er breytileg eftir háskólum en felst oftast í setu í ýmsum nefndum og ráðum á vegum skólans eða deilda þar sem stúdentar hafa alla jafna áheyrnar- og tillögurétt en í sumum tilvikum kosningarétt. Stúdentar taka líka þátt í innra gæðastarfi síns skóla með því að svara spurningalistum um gæði (t.d. kennslu- könnunum) og með því að gefa endurgjöf og upplýsingar þegar námsleiðir eru stofnaðar eða endurskoðaðar. Nauðsynlegt er að þeir stúdentar sem eru í forsvari fyrir háskólanema séu meðvitaðir um stöðu þessara mála, fái tækifæri til að láta rödd sína heyrast í þeim efnum og gefist tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif.
- Með **ytra gæðastarfi** er átt við eftirlit Gæðaráðs á gæðum náms og umgjörð rannsóknarstarfs háskólanna. Það snýst um ferli þar sem skóli eða deild skrifar sjálfsmatsskýrslu. Stúdentar hafa aðkomu að þeirri vinnu. Ferlinu lýkur með því að ytri aðili, sérfræðingur eða sérfræðingateymi, gerir ytri úttekt á skólanum eða deildinni (á grundvelli sjálfsmatsskýrslu) og skilar álit.
- **Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS)**: Stúdentar geta tekið þátt í starfi LÍS sem er samráðsvettvangur fyrir stúdenta hér á landi sem og erlendis. Stúdentar geta m.a. sótt um að vera í gæðanefnd LÍS en hlutverk hennar er ásamt öðrum að auka þekkingu á gæðastarfi háskóla meðal stúdenta og vinna að samræmingu gæðastarfs í íslenskum háskólum.

## Kafli 2: Quality Enhancement Framework

### Um QEF II

Með rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (e. *Icelandic Quality Enhancement Framework, second cycle, QEF II*) er skapað umhverfi þar sem háskólar geta 1) tryggt gæði allra háskólaprófa, 2) eflt námsumhverfi stúdenta og 3) bætt umgjörð rannsóknarstarfs með kerfisbundnum hætti.

Allir háskólar á Íslandi hafa nú innleitt ferli sem byggist á rammaáætluninni QEF II. Þar eru annars vegar fagsviðsúttektir (e. *Subject-Level Review, SLR*) sem eru notaðar til að efla námið og hins vegar stofnanaúttektir (e. *Institution-Wide Review, IWR*) sem eru markviss eftirlits- og skipulagsferli sem eru notuð til þess að efla eftirlit með gæðum og stöðlum hjá stofnuninni allri. Úttektirnar í QEF II koma til með að vera framkvæmdar á sjö ára tímabili frá og með árinu 2018.

Rammaáætlunin er m.a. byggð á stöðlum evrópska háskólasvæðisins sem íslensk yfirvöld hafa skuldbundið sig til að fylgja, eins og þeir voru settir fram í maí 2015 í ritinu Kröfur og leiðbeiningar fyrir gæðatryggingu á sviði æðri menntunar í Evrópu (e. *Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area, ESG*).

### Breytingar á QEF II frá QEF I

Gæðaráð íslenskra háskóla kom með mikilvægar ábendingar í fyrsta ferli úttektanna, sem kallast QEF I, sem varða innra starf háskólanna en einnig varðandi háskóla-kerfið í heild sinni. Margar ábendingar frá hagsmunaaðilum bárust eftir þessar úttektirog mátti draga mikinn og margþættan lærdóm af ferlinu sem nýttur var í undirbúning fyrir næsta ferli, QEF II.

Við þróun QEF II var stuðst við viðtækt mat á rammaáætluninni auk samtala við rektora, stúdenta og fulltrúa stúdenta-samtaka, embættismenn hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og gæðastjóra allra háskólanna sem sitja í Ráðgjafanefnd Gæðaráðs.

Fimm helstu breytingar í QEF II frá QEF I eru:

1. Mat fer nú fram á umgjörð rannsókna.
2. Aukin ábyrgð háskólanna á framkvæmd fagsviðsúttekta.
3. Opinber upplýsingagjöf um niðurstöður fagsviðsúttekta.
4. Skipun stúdents í Gæðaráð auk áheyrnarfulltrúa úr hópi stúdenta.
5. Sú ákvörðun að gagnsæi skuli vera einn lykilþáttanna í rammaáætluninni.

Stúdentar eiga tvo fulltrúa í Gæðaráði sem tilnefndir eru af LÍS. Þetta er leið til að tryggja gott samstarf stúdenta við alla sem að koma að ferlinu á öllum stigum og til að stuðla að því að horft sé til hagsmuna þeirra við alla ákvarðanatöku.



## Tímalína:



## Hvernig fara úttektir fram í QEF II?

Innars vegar fara fram innri úttektir á fagsviðum (e. *Subject-Level Review*) sem eru vottaðar af erlendum og óháðum fagaðila og hins vegar stofnanaúttektir (e. *Institution-Wide Review*) sem eru framkvæmdar af teymi erlendra sérfræðinga sem skipaðir eru af Gæðaráði. Hver háskóli og hvert fagsvið innan hvers skóla fara einu sinni í úttekt í QEF II.

## Helstu aðilar sem koma að QEF II

**Gæðaráð íslenskra háskóla:**

Gæðaráð ákvarðar heildarfyrirkomulag og framkvæmd rammaáætlunarinnar við upphaf hvers ferlis samkvæmt samkomulagi við mennta- og menningar- málaráðuneytið með útgáfu handbókar QEF. Hlutverk ráðsins er að þróa, viðhalda og hafa yfirumsjón með starfsemi QEF í samræmi við alþjóðleg viðmið og í tengslum við íslenska menningu, hefðir og lagalegan ramma. Gæðaráðið fundar fjórum sinnum á ári.

Gæðaráð samanstendur af sex erlendum sérfræðingum, auk eins fulltrúa stúdenta sem er tilnefndur af LÍS. Meðlimir Gæðaráðs (fyrir utan stúdentafulltrúa) eru alþjóðlegir sérfræðingar á sviði gæðamála á háskólastigi og hafa mikla reynslu af gæðaúttektum. Formaður Ráðgjafarnefndar (sjá að neðan) og einn stúdentafulltrúi, tilnefndur af LÍS, eru áheyrnarfulltrúar á fundum Gæðaráðs.

**Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs:**

Samhliða Gæðaráðinu er starfræk Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs sem samanstendur af gæðastjórum háskólanna og stúdentafulltrúum tilnefndum af LÍS. Nefndin er tengiliður milli ráðsins og háskólanna. Hlutverk nefndarinnar er að vera leiðandi afl í gæðastarfi innanlands, samstarfsvettvangur gæðastjóra og stúdenta og vera Gæðaráðinu til ráðgjafar. Formaður ráðgjafarnefndar er áheyrnarfulltrúi í Gæðaráði.

**Rannsóknarmatsnefnd:**

Samhliða Gæðaráðinu starfar einnig Rannsóknarmatsnefnd sem er skipuð

eftirfarandi aðilum: fulltrúa úr Gæðaráðinu, sem er jafnframt formaður nefndarinnar, einum fyrrum meðlimi ráðsins, tveimur fulltrúum úr Ráðgjafarnefnd, fulltrúa úr Vísinda- og tækniráði og þremur fulltrúum tilnefndum af samstarfsnefnd háskólastigsins, þar af einn stúdent í doktorsnámi. Hlutverk nefndarinnar er að leiðbeina og veita Gæðaráði stuðning við útfærslu á rannsóknamataskerfinu í QEF II og vinna að frekari þróun þess.

#### **Mennta- og menningarmálaráðuneyti:**

Mennta- og menningarmálaráðherra felur Gæðaráði íslenskra háskóla framkvæmd ytra mats og að gefa út viðmið um innra mat fagsviða. Ráðuneytið skipar alla meðlimi Gæðaráðs til sex ára í senn. Gæðaráð fundar reglulega með ráðuneytinu til að skýra frá gangi mála en er óháð ráðuneytinu í störfum sínum.

### **Samantekt á stúdentafulltrúum í QEF II**

Tafla 1 sýnir samantekt á hlutverki stúdenta í nefndum og ráðum sem hafa verið útskýrð hér að ofan og eru hluti af QEF II. Með þessu fyrirkomulagi er reynt að tryggja að rödd stúdenta sé sem sterkust og að stúdentar séu virkir þátttakendur í eflingu gæða í háskólunum á öllum stigum.

### **Árlegir fundir með Gæðaráði íslenskra háskóla**

Á árlegum fundum ræðir yfirstjórn skólans ásamt fulltrúa/um stúdenta við fulltrúa frá Gæðaráði og segir frá framgangi verkefna sem eiga að auka gæði í skólanum. Á fundinum er það hlutverk stúdentafulltrúa að segja frá

þátttöku stúdenta í gæðamálum innan skólans, segja frá framgangi gæðaverkefna frá sjónarhóli stúdenta og miðla upplýsingum frá öðrum fulltrúum stúdenta. Þessir fundir geta tekið allt að fjóra tíma. Fulltrúi stúdenta á þeim fundi getur undirbúið sig fyrir fundinn með því til dæmis að skoða síðustu stofnanaúttekt skólans og opinberar samantektir á nýlegum fagsviðsúttæktum. Fulltrúinn gæti einnig undirbúið sig með því að tala við aðra fulltrúa stúdenta innan skólans til að kanna hvað þeir telji að gangi vel og hverju sé ábótavant. LÍS geta aðstoðað stúdentafulltrúa við að undirbúa sig fyrir þessa fundi. Frekari upplýsingar um árlegu fundina má finna í 6. kafla handbókar Gæðaráðs um QEF II.

#### **Hvað eru fagsvið?**

Fagsvið eru einstakar deildir eða aðrar einingar innan háskóla sem samsvara einstöku fagi eða fræðasviði. Sem dæmi um fagsvið mætti nefna lögfræðideild og sálfræðideild.

Tafla 1. Yfirlit yfir formleg hlutverk stúdenta í QEF II.

Hagaðili	Fjöldi stúdenta	Tilnefning/skipun	Hlutverk stúdenta
Gæðaráð	2*	Tilnefning frá LÍS, skipun frá menntamálaráðuneyti	Tryggja að sjónarmið stúdenta komi fram í umræðum og ákvörðunum ráðsins við framkvæmd QEF II. Halda LÍS upplýstum um störf ráðsins.
Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs	2	Tilnefning frá LÍS, skipun frá menntamálaráðuneyti	Tryggja að sjónarmið stúdenta komi fram í umræðum og ákvörðunum nefndarinnar. Halda LÍS upplýstum um störf nefndar.
Rannsóknarmatsnefnd	1	Samstarfsnefnd háskólastigsins/Gæðaráð	Tryggja að sjónarmið stúdenta í rannsóknatengdu námi komi fram í umræðum og ákvörðunum nefndarinnar.
Fagsviðsúttektarnefndir	2**	Ákvörðun fagsviðs	Tryggja að sjónarmið stúdenta komi fram í úttektarskýrslu fagsviðs.
Ritnefnd sjálfsmatsskýrslu f. stofnanaúttekt	1	Háskóli	Tryggja að sem flestir stúdentar hafi rödd í sjálfsmatsskýrslu og að álit stúdenta á helstu hagsmunamálum komi skýrt fram í skýrslunni
Stofnanaúttektarteymi	1	LÍS/Gæðaráð	Tryggja að helstu hagsmunamál stúdenta séu skoðuð vel í úttekt og hafi vægi í dómum um gæði gráða og námsumhverfis.
Teymi fyrir árlega fundi með fulltrúa Gæðaráðs	2**	Háskóli og stúdenta-samtök í hverjum og einum háskóla	Tryggja að framgangur verkefna sem tengjast helstu hagsmunamálum stúdenta séu rædd af hreinskilni á fundinum.

\*einn fullgildur meðlimur með atkvæðisrétt og einn áheymarfulltrúi með tillögu- og áheymarrétt

\*\*Þessi ákvörðun er í höndum skóla/sviðs/deildar hverju sinni en mælt er með að minnsta kosti tveimur

## Hvað er metið og hvert er hlutverk stúdenta?

Gæðamat í QEF II ferlinu felst, eins og áður hefur komið fram, annars vegar í úttektum á einstökum fagsviðum háskólanna (e. *Subject-Level Review, SLR*) sem háskólarnir leiða sjálfir og hins vegar ytra mati Gæðaráðs á háskólunum, sem er kallað stofnanaúttekt (e. *Institution-Wide Review, IWR*). Í ferlinu er metið hvernig staðið er að gæðastarfi út frá þremur megináherslum:

1. Gæðum námsgráða.
2. Gæðum námsreynslu/námsumhverfis stúdenta.
3. Gæðum á umgjörð rannsóknna.

Í úttektum fagsviða er það háskólanna sjálfra að meta hvort þeir uppfylli gæðakröfur hvað varðar þessi þrjú atriði. Í stofnanaúttektum eru hins vegar felldir dómar um hvort skólarnir uppfylli gæðakröfur.

### Fagsviðsúttektir og hlutverk stúdenta

Hvert fagsvið fer einu sinni í úttekt í QEF II (2018–2023) og ákveða háskólarnir sjálfir hvenær úttektirnar fara fram í samráði við Gæðaráð íslenskra háskóla. Gera má ráð fyrir að vinnan við úttektina taki tvær annir frá skipulagi til útgáfu skýrslu, með vottun erlends sérfræðings. Öll vinna við úttektina fer fram innan háskólanna en framkvæmd hennar og gerð skýrslunnar eru í höndum starfsfólks og stúdenta frá viðkomandi háskóla sem myndar fagsviðsúttektarnefnd.

Vinnan felst helst í fundum nefndarinnar sjálftrar, fundum hennar með kennurum, stúdentum og hagaðilum, gagnrýnni skoðun á árangursmælikvörðum, skýrslu-skrifum og yfirllestri á köflum sem aðrir hafa skrifað í skýrsluna.

Sú krafa er gerð til háskólanna að þeir sjái ávallt til þess að stúdentar séu virkir þátttakendur í úttektum á fagsviðum. Að minnsta kosti tveir stúdentar eiga sæti í ritnefnd fagsviðsúttektarskýrslunnar og nauðsynlegt er að sem flestir stúdentar fái að láta skoðun sína í ljós þegar upplýsingum er safnað.

Hér að neðan eru nokkrar ráðlegg-ingar um gott verklag sem er til þess fallið að tryggja góða aðkomu stúdenta en frekari upplýsingar er að finna í 3. kafla handbókar Gæðaráðs um QEF II.

### Stúdentar í fagsviðsúttektarnefnd:

- Stúdentafélag fagsviðs velur a.m.k. tvo stúdenta-fulltrúa í úttektarnefnd í samráði við yfirstjórn deilda.
- Stúdentafulltrúar þurfa að búa yfir góðri enskukunnáttu þar sem úttektarskýrslan er skrifuð á ensku.
- Helst þurfa stúdentafulltrúar að vera búnir að klára 3–4 annir af námi sínu þegar þeir eru tilnefndir.
- Mikilvægt er að fulltrúar stúdenta geti unnið vel í hóp, séu ábyrgir og virkir þátttakendur í námi sínu og hafi þ.a.l. góða innsýn yfir stöðu stúdenta innan viðkomandi deilda. Ef boðið er upp á framhaldsnám við deildina er mikilvægt að annar fulltrúi stúdenta sé úr hópi framhaldsnema.
- Stúdentafulltrúar verða að fá viðeigandi þjálfun til að geta verið vel upplýstir um tilgang úttektar og til hvers ætlast sé af þeim.

Enn fremur er mælt til þess að fagsviðs-úttektarnefndin afli upplýsinga frá almennum stúdentum með því að:

- Kynna úttektir í stórum námskeiðum, senda út spurningalista og jafnframt benda á mikilvægi þess að svara og vinna með stúdentafélagi fagsviðs til að auglýsa úttektina á samfélagsmiðlum þess. Hvetja stúdenta til að mæta á opna fundi.
- Fá upplýsingar um útskrifaða stúdenta hjá nemendaskrá og senda tölvupósta með spurningalistum, ef við á. Hafa samband við fráfamar stjórnir stúdentafélaga, sem gætu til dæmis mætt á fundi rýnihópa eða fundað með úttektarnefndum.
- Skoða niðurstöður úr kennslukönnunum.

Mælt er til þess að stúdentafulltrúar fái vinnu þeirra í tengslum við úttektina staðfesta í skírteinisviðauka við útskrift. Stúdentar í úttektarnefndum geta leitað til LÍS í trúnaði ef spurningar vakna um réttindi og skyldur þeirra við úttektarstörf.

### Skýrslur í fagsviðsúttektum

Úttekt á fagsviði lýkur með skýrslu sem er vottuð af erlendum og óháðum fagaðila, sem tryggir að skýrslan hafi verið unnin af heilindum og í samræmi við QEF II handbókina. Í framhaldi er hún síðan send til Gæðaráðs. Með úttektarskýrslunni skal fylgja aðgerðaráætlun fyrir næsta tímabil. Gæðaráð fer með skýrslunar sem trúnaðarmál en það er undir hverjum háskóla komið hvort úttektarskýrslur eru birtar, í heild eða hluta, t.d. á vefsíðu stofnunarinnar. Samantektir úr niðurstöðum úttektarskýrslna eru þó ávallt birtar á heimasíðum háskólanna. Niðurstöður úr fagsviðsúttektum eru ræddar á árlegum fundunum háskólanna með Gæðaráði.

### Stofnanaúttektir og hlutverk stúdenta

Í stofnanaúttektum er sjónum beint að skipulagi viðkomandi háskóla hvað varðar gæðaeftirlit, þar á meðal umsjón með rannsóknum. Í þessum úttektum er farið fram á að háskólarnir sýni hvernig þeir meti hvort námsupplifun stúdenta sé ávallt eins og best verður á kosið samkvæmt íslenskum og alþjóðlegum stöðlum, hvernig gengið sé úr skugga um að prófgráður séu samanburðarhæfar á lands- og alþjóðavísu og hvernig háskólarnir meta umgjörð rannsóknastarfs síns. Þessar úttektir ættu því að vera mikilvægt tól í stefnumótunarferli innan stofnana.

Í stofnanaúttektum eru sérstök úttektarteymi, fyrir hvern skóla, erlendra sérfræðinga og fulltrúa stúdenta, sem eru skipuð af Gæðaráði íslenskra háskóla, að frátöldum stúdentafulltrúa sem tilnefndur er af LÍS. Teymin skoða að hve miklu leyti einstakir háskólar uppfylla þessar sömu gæðakröfur.

Stofnanaúttekt sér einnig til þess að núverandi og verðandi stúdentar, stjórnvöld, atvinnurekendur og aðrir hagsmunaaðilar innan sem utan lands geti treyst á getu háskólanna til að veita stúdentum gott námsumhverfi og veita prófgráður sem standast innlend og alþjóðleg viðmið.

### Hlutverk stúdenta eru þrenns konar í tengslum við stofnanaúttektir

Í fyrsta lagi eru þeir hluti af ritnefnd sem skrifar sjálfsmatsskýrslu háskólans.

Í öðru lagi situr einn stúdentafulltrúi í sjálfru úttektarteyminu.

Í þriðja lagi mynda stúdentar viðtalshóp(a) sem úttektarteymið tekur viðtöl við á meðan á heimsókn í háskólann stendur.

Ad neðan er þessum þremur hlutverkum lýst betur.

Líkt og í fagsviðsúttektarnefnd þurfa stúdentafulltrúar í stofnanaúttektum að búa yfir góðri enskukunnáttu þar sem sjálfsmatsskýrslan er skrifuð á ensku. Einnig er mikilvægt að fulltrúar stúdenta geti unnið vel í hóp, séu ábyrgir og virkir þátttakendur í námi sínu og hafi þ.a.l. góða innsýn yfir stöðu stúdenta. Ef boðið er upp á framhaldsnám við skólann er ráðlagt að annar fulltrúi stúdenta sé úr hópi framhaldsnema ef tveir eða fleiri sitja í nefndinni.

Stúdentafulltrúar eru fullgildir meðlimir í ritnefndum og úttektarteymum. Það þýðir að þeir hafa því sama rétt og aðrir meðlimir til að tala á fundum, skrifa og gera athugasemdir við sjálfsmatsskýrsluna. **Stúdentafulltrúar bera fyrst og fremst ábyrgð á því að raddir stúdenta heyrist á fundum og að sjónarmið stúdenta um þeirra helstu hagsmunamál komi skýrt fram.** Athugasemdir við sjálfsmatsskýrsluna koma fram í skýrslu sem nefnist úttektarskýrsla og er unnin af úttektarteyminu en þær eru birtar í heild sinni á heimsíðu Gæðaráðs.

Gæðastjóri LÍS getur veitt stúdentafulltrúum upplýsingar um réttindi sín og skyldur, ef einhverjar spurningar vakna. Mælst er til að stúdentafulltrúar fái skirteinisviðauka við útskrift sem staðfestir vinnu þeirra í tengslum við skrif sjálfsmatsskýrslunnar og starf í úttektarteymum.

Til viðbótar við lýsingu sem kemur hér að neðan er hægt að finna ítarlegri umfjöllun um stofnanaúttektir í 4. kafla handbókar Gæðaráðs um QEF II.

Hverjir standa að stofnanaúttektum?

Stofnanaúttektarteymi samanstanda af einstaklingum sem skipaðir eru af Gæðaráði íslenskra háskóla, að undanskildum stúdentafulltrúa sem tilnefndur er af LÍS. Teymisméðlimir sem skipaðir eru af Gæðaráði eru yfirleitt valdir út frá reynslu innan háskólakerfis, þá sérstaklega í því að taka út gæði, staðla og rannsóknir. Yfirleitt samanstendur stofnanaúttektarteymi af eftirfarandi einstaklingum:

- Formaður úttektarteymis
- Þrír alþjóðlegir sérfræðingar
- Stúdentafulltrúi, tilnefndur af LÍS
- Ritari, tilnefndur af starfsmanni Gæðaráðs

Hafa skal í huga að ekki mega vera færri en tveir sérfræðingar í hverju teymi. Mikilvægt er að enginn sem telst til teymisins hafi nokkur tengsl við skólann sem tekinn er út og einungis stúdentafulltrúi og ritari mega vera frá Íslandi.

# Nánari umfjöllun um hlutverk innan stofnanaúttektar

## Ritnefnd sjálfsmatsskýrslu

- Starfshættir ritnefnda geta verið mismunandi eftir háskólum en gera má ráð fyrir því að seta í ritnefnd geti tekið allt að eitt ár. Í upphafi vinnunnar er líklegt að meðlimir nefndarinnar skipti með sér verkum og ræði svo framgang skýrslugerðar á reglulegum fundum. Vinnan felur í sér upplýsingaöflun, upplýsingarýni, fundarhöld og skýrsluskrif. Þegar teymið er ánægt með lokaútgáfu skýrslunnar skrifa allir meðlimir undir hana. **Einnig skrifar forseti stúdentafélags háskólans stutta greinargerð þar sem hann lýsir aðkomu stúdenta að gerð skýrslunnar.**
- Stúdentafélag háskólans á að koma að vali á meðlimum ritnefndar og er það undir hverjum háskóla komið hversu margir stúdentar eru í ritnefnd.
- Stúdentafulltrúar í ritnefnd fá upplýsingar og/eða þjálfun um tilgang úttektar og til hvers er ætlast til af þeim frá háskólanum. Sérstaklega mikilvægt er hlutverk þeirra við að skrifa kaflana sem snúa að virkni stúdenta í gæðastarfi innan háskólans (e. *engagement in internal quality enhancement*).

## Úttektarteymi

- Að jafnaði samanstanda úttektarteymi af formanni, þremur erlendum sérfræðingum, óháðum íslenskum stúdent og starfsliði frá skrifstofu Gæðaráðs/Rannís. Allir meðlimir, að frátöldum stúdentafulltrúa, eru skipaðir af Gæðaráði á grundvelli reynslu á sviði æðri menntunar, einkum hvað varðar stjórnun og mat á gæðum, stöðlum og rannsóknnum.
- LÍS skipar fulltrúa stúdenta í úttektarteymi og skal sá stúdent vera að jafnaði skráður í grunn- eða framhaldsnám í íslenskum háskóla. Stúdentar geta þó tekið sæti þar til ár er liðið frá lokaútskrift þeirra. Enginn stúdent getur tekið þátt í úttekt á

eigin skóla eða skóla þar sem hann hefur áður verið nemandi eða þar sem náinn ættingi eða makí er stúdent eða starfsmaður.

- Seta í úttektarteymi getur tekið um sex mánuði. Í upphafi vinnunnar lesa meðlimir teymisins sjálfsmatsskýrslu háskólans og ræða sín á milli á fjarfundum hvernig haga eigi vinnunni og hvort kalla þurfi eftir frekari upplýsingum frá háskólanum fyrir úttektarheimsókn teymisins í skólann. Stuttu fyrir heimsóknina fer fram þjálfun úttektarteymisins á vegum Gæðaráðs. Úttektarheimsóknin tekur 3–5 daga. Heimsókninni er ætlað að vera samtala á milli jafningja en ekki „rannsókn“. Eftir úttektarheimsóknina skrifar stúdent beinagrind að þeim kafla/köflum sem honum voru settir fyrir og les yfir drög að köflum frá hinum meðlimum teymisins. Þegar teymið er ánægt með lokaútgáfu skýrslunnar skrifa allir meðlimir undir hana.
- Ætlast er til að allir meðlimir úttektarteymisins sjái um fundarstjórn einstakra funda á meðan heimsókninni stendur og þar á meðal fulltrúi stúdenta.

## Viðmælendur á fundum með úttektarteymi

- Gert er ráð fyrir fjórum fundum með sérstökum undirhópum stúdenta. Fundirnir eru með stúdentum í grunn- og framhaldsnámi, stúdentafulltrúum og stúdentum sem teljast til minnihlutahópa eða annarra hópa sem háskólinn og teymið telja nauðsynlegt að heyra sérstaklega frá. Einnig er haldinn einn opinn fundur þar sem allir stúdentar hafa færi á að mæta.
- Æskilegt er að sem flestir stúdentar hafi tækifæri til að hitta úttektarteymið. Til að tryggja sem besta aðsókn er gott að kynna úttektir með stuttri kynningu í stórum námskeiðum. Einnig væri gott að senda út spurningalista með inngangi sem undirstríkar mikilvægi þess að svara. Þá má vinna með stúdentafélagi skólans til að velja viðmælendur á fundi og auglýsa úttektina á samfélagsmiðlum þess og hvetja stúdenta til að mæta á opna fundi.

## Niðurstöður stofnanaúttektar og þýðing þeirra

Þrjár niðurstöður eru mögulegar þegar úttektarteymið er búið greina frá tiltrú sinni á annars vegar gæði námsgráða og hins vegar gæði námsreynslu og náms- umhverfis. Mögulegar útkomur má flokka með eftirfarandi hætti:

1. Traust á gæðakerfi
2. Takmarkað traust á gæðakerfi
3. Ekkert traust á gæðakerfi

Mögulegt er að háskóli fengi yfirlýsingu um traust á gæðum námsgráðu en takmarkað traust á gæði námsreynslu og námsumhverfis og öfugt. Afleiðingar fyrir skólana eru mismunandi eftir því hvaða niðurstöðu þeir fá fyrir sitt gæðastarf en almennt eru þessir úrskurðir afar þýðingarmiklir. Traustsyfirlýsing á ferlin og verklagið sem skólinn notar við gæðaeftirlit eykur tiltrú til muna, bæði innan skólans sjálfs og meðal utanaðkomandi hagsmunaaðila, innanlands sem utan.

Fyrstu tveir flokkarnir gefa til kynna að viðkomandi skóli standist að minnsta kosti lágmarksviðmið um traust. Mikilvægt er að hafa í huga að niðurstaða um takmarkað traust er ekki falleinkunn en bendir til þess að gera þurfi úrbætur í tæka tíð til að hlúa að námsumhverfi núverandi og/eða væntanlegra stúdentanna og/eða tryggja gæði prófgráða þeirra.

Síðasti flokkurinn, um ekkert traust á gæðakerfi, telst vera falleinkunn. Því má segja að aðferðir viðkomandi stofnunar við eftirlit með gæðum og/eða stöðlum, eða m.ö.o. gæðakerfi háskólans, standist

ekki lágmarksviðmið. Í slíkum tilfellum eru veruleg merki um alvarlega grundvallar annmarka sem hamla getu skólans til að tryggja gæði og/eða viðhalda viðunandi námsframboði. Þá eru heldur engin áþreifanleg merki um að áætlað sé að bæta ferlið svo nokkru nemi.

Frekar er fjallað um niðurstöður stofnanaúttektarteymis um traust á gæðakerfi í 4. kafla handbókar Gæðaráðs um QEF II.

## Umfjöllun um gæði á umgjörð rannsókna

Í fyrstu umferð QEF I var lítið fjallað um rannsóknir og gæði þeirra, en í QEF II var ákveðið að úttektir næðu einnig til rannsókna. Takmarkast úttektin á rannsóknnum einungis við efnislega umfjöllun um umgjörð rannsóknastarfs. Þar er gert ráð fyrir að:

1. Einstakar deildir geri grein fyrir stjórn sinni á rannsóknastarfi í fagsviðsúttektum. Fagsviðsúttektirnar fjalla því meðal annars um fimm skilgreindar víddir rannsóknarstarfs. Víddirnar eru taldar upp í töflu 2, ásamt dæmum um viðeigandi spurningar sem snerta hverja fyrir sig.
2. Í stofnanaúttektum skoða úttektarteymi fagsviðsúttektirnar og taka afstöðu til þess hversu vel skólinn styður við öflugt rannsóknarstarf deilda. Í skýrslu úttektarnefndarinnar er því einungis tekið fram hvað skólinn er að gera vel í stjórn á rannsóknnum innan sinna veggja og hvað megi betur fara.



## Tafla 2: Yfirlit yfir hugsanlegar spurningar í úttekt um umgjörð rannsókna.

Rannsóknastefna	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Er rannsóknastefna til staðar í deildinni?</li> <li>● Eru tengsl milli rannsóknastefnu og almennrar stefnu skólans?</li> <li>● Er stefnan raunsæ?</li> <li>● Tengir stefnan rannsóknir og kennslu?</li> <li>● Er fylgst með framgangi stefunnar?</li> <li>● Eru jafnréttissjónarmið höfð að leiðarljósi í stefnunni?</li> </ul>
Stjórn á afrakstri rannsóknastarfs	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Fylgist deildin markvisst með gæðum rannsókna?</li> <li>● Er tryggt að aðferðafræði rannsókna sé traust?</li> <li>● Er beint eða óbeint notast við jafningjamat eða mat þeirra sem nýta sér afrakstur rannsókna frá deildinni?</li> </ul>
Utanaðkomandi fjármögnun rannsóknastarfs	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Hvernig er fé til rannsókna úthlutað skv. reiknilíkani um fjármögnun háskóla?</li> <li>● Er sótt í samkeppnissjóði?</li> <li>● Er sótt fjármagn til rannsókna frá einkageiranum?</li> </ul>
Áhrif rannsóknastarfs	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Hefur rannsóknastarfið áhrif á líf og störf margra einstaklinga og/eða starfshætti margra stofnana eða fyrirtækja?</li> <li>● Hveru mikil eru áhrif rannsóknastarfs?</li> <li>● Hafa rannsóknir áhrif á fræðasviðið sjálft, á tengda stefnumótun, á menningu, efnahag eða þjóðfélag?</li> <li>● Hafa rannsóknir áhrif á nærumhverfið, allt Ísland, eða á alþjóðavísu?</li> </ul>
Ný rannsóknæfni	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Fara fram rannsóknir innan deildar sem eru framúrstefnulegar og falla ekki vel að víðteknum hugmyndum um mat á áhrifum rannsókna?</li> </ul>



## Frekara lesefni:

Quality Enhancement Framework Handbook, 2nd, Ed, <https://en.rannis.is/activities/quality-enhancement-framework/>

Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area, ESG, <http://www.enqa.eu/index.php/home/esg>

Student participation in quality Scotland, Sparqs, <http://www.sparqs.ac.uk>

Heimasíða European Students Union, ESU, <http://www.esu-online.org>

Quest project, <http://www.quest.esu-online.org>

Gæðastefna Landssamtaka íslenskra stúdenta um gæði í íslensku háskólasamfélagi, <https://www.studentar.is>



Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB.

Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar og framkvæmdarstjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar.

